



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
nave@nave.is

Fornleifaskráning

*Fornleifaskráning vegna
fyrirhugaðrar loftlínu frá
Dýrafjarðargöngum að
Dýrafjarðarbrú*

Atli Rúnarsson

Júní 2026

NV nr. 08-26

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning Mán/ár: Júní 2026
Skýrsla nr: NV nr. 08-26	Verknúmer: 730	Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☐ Háð leyfi verkkaupa
Upplag:	Verkstig:	
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðrar loftlínu frá Dýrafjarðargöngum að Dýrafjarðarbrú		Unnið fyrir: Landsnet
Höfundur: Atli Rúnarsson		Verkefnastjóri: Atli Rúnarsson
ÚTDRÁTTUR Að beiðni Landsnets gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifaskráningu vegna fyrirhugaðrar loftlínu frá Dýrafjarðargöngum að Dýrafjarðarbrú. Einar minjar voru skráðar innan skráningarsvæðisins og teljast þær í hættu vegna framkvæmdanna.		
Undirskrift verkefnastjóra: 		Yfirfarið af: Hulda Birna Albertsdóttir

EFNISYFIRLIT


1.	Inngangur	4
2.	Skráningarsvæðið	4
3.	Aðferðafræði	4
3.1	Tilgangur fornleifaskráningar	5
3.2	Skráning fornleifa	6
4.	Sögulegt yfirlit	6
4.1	Saga Dranga	6
4.2	Saga Kjaranstaða	7
5.	Fornleifaskrá	8
6.	Niðurstöður	9
6.1	Niðurstöður vegna tilefnis	10
7.	Punktaskrá	10
8.	Heimildaskrá	11
9.	Kort	12

1. INNGANGUR

Að beiðni Rutar Kristinsdóttur hjá Landsnet gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifaskráningu vegna loftlínu frá Dýrafjarðargöngum að brúnni yfir Dýrafjörð.

Svæðið hafði verið skráð áður að hluta,¹ en skráningin sem náði yfir mest allt svæðið er barn síns tíma og uppfyllir ekki uppfærða staðla Minjastofnunar.

Vettvangsvinna fór fram þann 27. maí 2026 og var unnin af Atla Rúnarssyni, fornleifafræðingi hjá Náttúrustofu Vestfjarða, og sá hann einnig um skýrslu- og kortagerð.



Mynd 1. Staðsetning skráningarsvæðisins.

2. SKRÁNINGARSVÆÐIÐ

Skráningarsvæðið nær frá nyrðri enda Dýrafjarðarganga að brúnni yfir Dýrafjörðinn, samtals um 4,4 km og var 100 m breitt eða samtals um 44 ha. Svæðið náði yfir jarðirnar Dranga og Kjaranstaði.

3. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir jarðarinnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Allir minjastaðir voru skráðir og voru teknir

¹ Sjá: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir & Caroline Paulsen, 2008 og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2017

staðsetningarpunktur á hverjum stað með Juniper Archer 4 uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

3.1 Tilgangur fornleifaskráningar

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhusa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjastofnun Íslands viðvart ef fyrrsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breytttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunn umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skýlt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og

með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausum. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

3.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíða Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið **3586** og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 3586-001.

4. SÖGULEGT YFIRLIT

4.1 Saga Dranga

Minnst var á Dranga í skrá um eignir Guðmundar ríka Arasonar þegar þær voru teknar undir konung frá árinu 1446. Drangar voru þar listaðir með jörðum sem lágu undir til byggingar er Guðmundur átti þær og var jörðin þá metin á tólf hundruðir með þremur kúgildum.² Næst var minnst á Dranga í jarðaskiptabréfi frá 1556, en þar skiptust Eggert Hannesson og Þorlákr Einarsson á nokkrum jörðum. Þorlákr gaf þar Eggerti m.a. átján hundruðir úr jörðinni Drangar í skiptum fyrir nokkrar aðrar jarðir í Dýrafirði.³ Svo er til vitnisburður um landamerki Dranga og Botns í Dýrafirði frá 1557. Þar var sagt að Drangar ættu land allt fram á fjallgarð og ofan eftir miðjum dalnum svo sem áin rennur til fjalls og fjöru og í helluna fyrir innan Kjaranstaði. Fyrir utan þá skógarparta er kirkjur eiga jafnvel læk þann sem kallaður er Drangalækur og allan þann veiðiskap sem í honum kann hafður að vera.⁴ Árið 1558 seldi fyrirnefndur Eggert Hannesson honum Jóni Ólafssyni Dranga en þá var jörðin metin tólf hundruð að dýrleika.⁵

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem gerð var fyrir svæðið árið 1710, var sagt að jarðardýrleiki Dranga væri tólf hundruðir og tíundaðist hún fjórum tíundum. Eigandinn var Jón Þorvaldsson á Ketilseyri og ábúandi var Jón Þorbjörnsson. Landskuld til bólnnar var þrjár vættir en síðan tvær. Var landskuldin greidd í kaupstað eða landaurum eftir því sem ábúandi gat við komið. Leigukúgildin voru þrjú til bólnnar en síðan tvö. Leiga var greidd í smjöri, engar kvaðir voru á jörðinni. Útigangur var sagður lítill í fjörunni en hann var sæmilegur á landi. Torfrista og stunga var slök og lítt nýtandi og skógur til raftviðar þrýtti mjög og féll í fauska, en hann nýttist enn til kolagerðar og eldiviðar. Silungsveiði í Drangalæk hafði verið góð en var, þegar jarðabókin var skrifuð, orðin lítil. Eins var grastekja lítil. Engjarnar spilltust sumstaðar af skriðum og var engjavegurinn langur og þurfti að sæta sjávarföllum. Vatnsból gat brugðist um vetur og var þá langt í næsta vatnsból. Kirkjuvegur var um hálfa þingmannaleið og seinfær. Minnst var á eitt eyðibýli á jörðinni, Hauga, sem var þá sagt fornt og voru sýnilegar tófta- og girðingaleifar.⁶

² Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 4. bindi, 1947-1950, bls. 687

³ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 13. bindi, 1947-1950, bls. 152)

⁴ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 13. bindi, 1947-1950, bls. 220-222

⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 13. bindi, 1947-1950, bls. 328-330

⁶ Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1984, bls. 54

Í jarðatali Johnsen frá 1847 var sagt að Drangar voru í bændaeign, dýrleikinn var 12, landskuldin 0,60, kúgildin 3 og ábúandinn var 1 leigjandi. Í neðanmálsgrein var líka sagt að árið 1805 var eyðihjáleigan Haugur höfð til beitar.⁷

Drangar fóru í eyði árið 1937.⁸

4.2 Saga Kjaranstaða

Minnst var á Kjaranstaði í skrá um eignir Guðmundar ríka Arasonar þegar þær voru teknar undir konung frá árinu 1446. Kjaranstaðir voru þar listaðir með jörðum sem lágu undir til byggingar er Guðmundur átti þær og var jörðin þá metin á tólf hundruðir með þremur kúgildum.⁹ Eins var minnst á Kjaranstaði í kaupmálabréfi Björns Hannessonar og Þórunnar Daðadóttur. Þar sagði að í skilmála, sem settur var á giftingardegi þeirra, taldi Björn sér til móts við Þórunni m.a. jörðina Kjaranstaði sem metin var á tuttugu hundruðir.¹⁰ Næst var minnst á Kjaranstaði í reikningakveri Eggerts Hannessonar frá 1570-1571 en þar listaði Eggert allar þær skuldir, fornar og nýjar, sem menn skulduðu honum og áttu að greiða þetta ár. Þar skrifaði Eggert að Jón á Kjaranstöðum skuldaði honum lxxx álnir í landskuld og lxxx álnir fyrir þrívetra hest.¹¹

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem gerð var fyrir svæðið árið 1710, var sagt að jarðardýrleiki Kjaranstaða væri tólf hundruðir og tíundaðist jörðin fjórum tíundum. Eigandi af átta hundruðum af jörðinni var Ólöf Guðmundsdóttir að Hrauni í Skutulsfirði en af hinum fjórum hundruðunum var Jón Pálsson í Haukadal eigandi. Landskuldin var þrír vættir inn til næstliðins árs en þá var fækkað um eitt kúgildi og var þá landskuldin fjórar vætti, tvær á parti Ólafar og tvær á parti Jóns. Var landskuldin greidd í kaupstað eða í óframfærðri kaupmannsvöru. Leigukúgildi voru þrjú inn til bóllunnar en hafði fækkað niður í tvö. Leigan var greidd í peningum eða í óframfærðri kaupmannsvöru. Engar kvaðir voru á jörðinni, útigangur var í skárri lagi, torfrista og stunga var slök og lyngrif var lítið til eldivðar með taði. Túnin spilltust af skriðum og engjarnar voru fordjarfaðar og að mestu eyðilagðar af skriðum. Úthagar voru eins mjög spilltir af skriðum. Kirkjuvegur var sagður langur og torsóttur á veturna. Minnst var á eyðibýlið Kjaranstaðakot og sagt að þar sást til tóftabrota og girðinga, þó var ekki vitað hvort þar hafi verið hjáleiga frá Kjaranstöðum eða hvort um hafi verið að ræða sérstætt býli. Ekki var talið að hægt væri að byggja það upp aftur vegna þess að plássið var yfirrunnið af aur og grjóti.¹²

Í jarðatali Johnsen frá 1847 var sagt að Kjaranstaðir voru í bændaeign, dýrleikinn var 12, landskuldin 0,60, kúgildin voru 3 og ábúandi var 1 leigjandi. Í neðanmálsgrein var líka sagt að árið 1895 var eyðihjáleigan Kjaranstaðakot var höfð til beitar.¹³

⁷ J. Johnsen, 1847, bls. 193

⁸ Kjartan Ólafsson, 1999, bls. 55

⁹ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 4. bindi, 1947-1950, bls. 687


¹⁰ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 11. bindi, 1947-1950, bls. 526

¹¹ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 15. bindi, 1947-1950, bls. 473-474

¹² Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1984, bls. 53

¹³ J. Johnsen, 1847, bls. 193

5. FORNLEIFASKRÁ

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
V-Ísafjarðarsýsla	Ísafjarðarbær	Kjaransstaðir	Kjaransstaðir
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	27.5.2026	302638	601375
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Tóft	Óþekkt	Búfjárhaldsminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3586-001	1550 – 1900	 Mynd 2. Horft SA yfir tóft [3586-001].	
Vegghæð	Veggjabykk		
0,1 – 0,4 m	0,5 – 1,4 m		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanlegar	Nei		
Horfin	Hætta tilefni		
Nei	Vegna veitulagna		
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Lítill hringlótt tóft með lítilli kró á austurhlið. Tóftin er úr torfi og grjóti og eru inngangar á vestur og suðurhlið hennar. Veggjahæð er frá 0,1 – 0,4 m og veggjabreidd er frá 0,5 – 1,4 m, tóftin er mosavaxin og eru veggir króarinnar töluvert lægri en veggir aðalhólsins og sést ekki í grjóthleðslur þar. Það sést þó í grjóthleðslur í aðalhólfinu. Aðalhólið er um 3 x 5 m að innanmáli og króin er um 3,5 x 1,3 m að innanmáli.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
 Mynd 3. Uppmæling af tóft [3586-001].		Um 20 m VSV við malarveg sem liggur framhjá Kjaransstöðum, um 620 m VNV við bæjarstæðið.	
		Athugasemd	
Heimildir			

6. NIÐURSTÖÐUR

Einar minjar voru skráðar á vettvangi, tóft [3586-001]. Tengist hún landbúnaði á svæðinu og er líklega um einhverskonar aðhald fyrir kindur að ræða, ekki var minnst á tóftina í Örnefnaskrá. Engar aðrar minjar fundust á vettvangi og engar heimildir fundust sem gætu bent til minja á svæðinu. Stór hluti svæðisins var þýfður mói og uppblásnir melar, auk þess sem hluta þess hafði þegar verið raskað af vegagerð.



Efst t.v.: Horft vestur yfir skráningarsvæðið.

Efst t.h.: Horft austur yfir skráningarsvæðið.

Neðst: Hluti skráningarsvæðisins sem hefur verið raskað af vegagerð

6.1 Niðurstöður vegna tilefnis

Einar minjar voru skráðar innan fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðis, tóft [3586-001], og teljast þær í hættu vegna framkvæmdanna. Tekið var út töluvert breiðara svæði nálægt tóftinni og ætti að vera nægt svigrúm til þess að hliðra línulögninni annaðhvort til austurs eða suður, það er þó ávallt í höndum Minjastofnunar Íslands að ákvarða mótvægisáðgerðir.

Minnt er á að samkvæmt lögum um menningarminjar hafa aldursfriðaðar fornleifar 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu sýnilegum mörkum minjanna. Eins er minnt á að ef áður óþekktar minjar finnast við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdina samstundis og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem mun taka ákvörðun um framhaldið.

7. PUNKTASKRÁ

Nr.	Tegund	Hlutverk	Ástand	Hættumat	Hætta tilefni	A hnit (ISN93)	N hnit (ISN93)
3586-001	tóft	óþekkt	vel greinanlegar	engin hætta	vegna veitulagna	601375	302638

8. HEIMILDASKRÁ

- Árni Magnússon & Páll Vídalín. (1984). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Ísafjarðarsýsla & Strandasýsla* (B. VII). Reykjavík: Sögufélagið.
- Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 1-16. bindi.* (1947-1950). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn: S. Trier.
- Kjartan Ólafsson. (1999). *Vestfjarðarit I, Firðir og fólk 900-1900, Vestur-Ísafjarðarsýsla.* Ísafjörður: Búnaðarsamband Vestfjarða.
- Margrét Hrönn Hallmundsdóttir & Caroline Paulsen. (2008). *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra ganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar.* Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.
- Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. (2017). *Fornleifakönnun vegna lagningu á rafstreng að Dýrafjarðargöngum.* Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.
- Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, Böðvar Þórisson & Þorleifur Eiríksson. (2009). *Greinargerð um fornleifar nærri veglínu vegna Dýrafjarðarganga.* Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.

Óútgefnar heimildir

Örnefnaskrá - Drangar. Reykjavík: Örnefnastofnun

Örnefnaskrá – Kjaransstaðir. Reykjavík: Örnefnastofnun

9. KORT



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
Fornleifadeild

- Staðsetning fornminja
- Flákar
- Skráningarsvæði

0 250 500 750 m

Yfirlitskort yfir skráðar minjar innan skráningarsvæðisins

Kort 1 Skali 1:15000
Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
Fornleifadeild

- Staðsetning fornminja
- Flákar
- Skráningarsvæði

0 10 20 30 m

Tóft [3586-001]
Kort 2 Skali 1:500
Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson